

Nefndasvið Alþingis
Bt. Allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2013

Efni: Erindi laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007 (tölfræðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja) 14. mál, lagt fyrir 142. löggjafarþing 2013.

Með tölvubréfi 20. júní s.l. frá nefndasviði Alþingis sendi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis laganefnd Lögmannafélags Íslands til umsagnar ofangreinds frumvarps (hér eftir vísað til sem „**frumvarpsins**“). Í tilefni af bréfinu beinir laganefnd Lögmannafélags Íslands eftirfarandi erindi til nefndarinnar.

Frumvarpið kveður á um viðfeðma söfnun persónuupplýsinga. Sem slíkt kallar frumvarpið á nákvæma skoðun á samþýðanleika þess og samræmi þess við ýmis ákvæði gildandi löggjafar sem vernda friðhelgi einkalífs, sbr. einkum 71. gr. stjórnarskrár, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá kallar frumvarpið á skoðun á samþýðanleika við ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist á þessu sviði, sbr. samning Evrópuráðsins um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 1981 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Í þessum efnum er vert að hafa í huga, að niðurstaða um heimild til upplýsingasöfnunar sem þessarar getur ráðist af þeim ráðstöfunum sem gerðar eru samhliða í lögum til að tryggja réttaröryggi þeirra sem upplýsingarnar lúta að. Af frumvarpinu verður hins vegar ekki ráðið hvort grípa skuli til einhverra sérstakra ráðstafana í þessu skyni.

Í ljósi skamms tíma til að skila umsögn um frumvarpið gefst laganefnd ekki ráðrúm til að kynna sín sjónarmið um þetta með ítarlegri umsögn. Þess í stað óskar laganefndin eftir því að fulltrúar hennar fái að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að kynna aðalsjónarmið sín í málinu.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands
Reimar Pétursson hrl.